

Nd.

57. Nefndarálit

um frv. til laga nm tannlækningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um það, að frv. þetta nái fram að ganga. Hún felst á það, að þörf sje á því, að sjerstök löggjöf tryggi það, að þeir einir megi fást við tannlækningar, er sjerþekkingn hafa, og leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.

Fyrir orðið »Stjórnarráðið« í 2. málsgr. kemur: Dómsmálaráðnneytið.

2. Við 4. gr.

Í stað orðanna »munnsetja gerfitennur og tanngarða« komi: setja gervitennur og tanngarða í menn.

3. Við 7. gr. Greinina skal orða svo:

Óheimilt er þeim, er ekki hafa tannlækningaleyfi, að anglýsa, að þeir fáist við tannlækningar, ísetning tanna, deýfingar eða lyfjanotkun til tannlækninga, eða bjóðast til þess á annan hátt.

4. Við 8. gr. Greinina skal orða svo:

Brot gegn lögnm þessum varða sektum, frá 50—1000 krónum, eða einföldu fangelsi, alt að 6 mánuðum, ef miklar sakir eru, enda sje brotið ekki svo vaxið, að það heyri undir hin almennu hegningarlög. Skulu sektir renna í rikissjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögglumál.

5. Við 11. gr. Greinin fellur burt.

Alþingi, 1. mars 1929.

Gunnar Sigurðsson,	Hjeðinn Valdimarsson,	Magnús Torfason.
form. og frsm.	fundaskrifari	
Magnús Guðmundsson.	H. J. Kristófersson.	